

Nd.

## 116. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá meiri hluta allsberjarnefndar.

Vér undirritaðir 3 nefndarmenn leggjum til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem síðar greinir. Einn nefndarmanna (EA) er samþykkur öllum brtt. vorum, en mun að öðru leyti gera sérstaka grein fyrir afstöðu sinni. Um afstöðu 5. nefndarmannsins (JÓ!) er oss ókunnugt, því hann hefir ekki sótt nefndarfundi, þegar málið var rætt.

Frv. þetta er svo að segja samhljóða því frv. samnefndu, sem lagt var fyrir vetrarþingið 1931, og má því vísa til þeirra athugasemda og greinargerða, sem áður hafa fylgt frv., með hliðsjón af þeim breytingum, sem á frv. urðu í Ed. 1930. Réttarfarslöggjöf vor og dómaskipun er allmjög á eftir tímanum, en almenn endurskoðun á því hefir eigi enn farið fram og er því eigi kostur á að fa endurbætur á skipulaginu frá rótum enn sem komið er, þótt þess væri sízt vanþörf. Það er þó nokkur bót. að endurbætur séu gerðar á ædsta dómstólnum og hann færður í viðunanlegt nútímahorf, því þar með er fengin meiri trygging fyrir því, að menn fai að lokum sæmilega og vandada meðferð á málum sínum. Vér teljum, að með frv. þessu séu stigin spor í þá átt, og teljum þess vegna rétt að samþykkja það með nokkrum, fremur smávægilegum breytingum.

Við 5. gr. höfum vér gert þá brtt. að bæta orðinu »þýðingarmikil« við skilgreiningu þeirra mála, sem kveðja skal aukadómara til að dæma. Virtist oss orðalag greinarinnar fullþröngt, með því að mál geta haft mikla alþjóðlega þýðingu eða snert lögfræðileg »princip«, enda þótt eigi sé hægt að segja, að þau séu margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm.

Við 7. gr. er með brtt. vorri í fyrsta lagi gerð breyting á prentvillu og í öðru lagi kveðið skýrara á um það, að kennarar lagadeildar skuli sjálfir velja úr sínum hópi þann, sem skipa skal autt sæti aðaldómara.

Með brtt. við 8. gr. er leiðrétt prentvilla. Ennfremur tekið glögg fram, að aldursákvæðið í 3. lið sé aðeins veitingarskilyrði í dómaraembætti. Loks er bætt við því ákvæði aftan við greinina, að leita skuli álits aðaldómaranna í fimmtardómi, áður en veiting aðaldómaraembættis fer fram.

Þá er lagt til, að yfirleitt sé aðeins 1. einkunnar mönnum veitt leyfi til málaflutningsstarfa við dóminn og jafnframt opnaðir möguleikar fyrir menn, sem eigi hafa hlotið 1. einkunn, til þess að þreyta málaflutningsraunina, ef þeir hafa sýnt það með fræðistarfi í lögfræði eða með öðrum lögfræðistörfum sínum, að þeir séu vel til þess fallnir.

Ákvæði 52. gr. um, að dómsforseti geti einn veitt óviðkomandi mönnum leyfi til þess að vera við raðagerðir dómara, þótti oss veita honum óþarflaga mikið vald, ef aðrir dómendur væru því móttallnir, enda virtist oss engin ástæða til að lögleiða slíkt leyfi. Þá virtist oss réttara, að dómara veldu

í hvert sinn þann dómara, sem fyrstur skal greiða atkvæði, heldur en að láta hlutkesti ráða, því dómara geta verið misjafnlega færir til þess að dæma einstök mál eða semja um þau dómatakvæði, vegna sérþekkingar eða sérstaks kunnugleika á málefni. Virðist rétt, að þeir geti tekið tillit til slíks. Þess vegna gerum vér brtt. við 52. og 54. gr. Þó virtist ekki ástæða til að fella burt ákvæðið um hlutkesti að því er snertir röðina, þegar skipzt er á málsskjölum eftir að sá fyrsti hefir greitt atkvæði (gert frv. að dómi eða úrskurði). Brtt. við 55. gr. er gerð til þess að bæta úr ósamræmi, er virðist vera á milli 3. og 4. tölul. Loks virðist eðlilegast, að löggin gangi í gildi í byrjun næsta starfsárs, að afloknu sumarleyfi, hinn 1. september þ. á.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. Á eftir orðinu »umfangsmikil« komi: þýðingarmikil.
2. Við 7. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:  
Ef autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, velja kennarar lagadeildar háskólans einhvern úr sínum hópi til að skipa það.
3. Við 8. gr.
  - a. Fyrir »dómsritari« í 2. tölul. komi: fimmtardómsritari.
  - b. Aftan við 3. tölul. bætist: er þeir fá veitingu fyrir dómaraembætti.
  - c. Aftan við greinina bætist: Leita skal álits aðaldómara fimmtardóms áður en aðaldómaraembætti er veitt.
4. Við 17. gr. Fyrsti tölul. orðist svo:  
Lokið lagaprófi með 1. einkunn. Þó má veita þeim, sem fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til að þreyta raunina, samkv. 3. tölul. þessarar greinar, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi umsækjandi sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögfræði eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
5. Við 52. gr.
  - a. Aftan af annari málsg. falli orðin: »Forseti réttarins . . . sérstaklega óskað«.
  - b. Í stað orðanna í 3. málsg. »sem með hlutkesti . . . eftir hlutkesti« komi: sem til þess er valinn af réttinum í hvert sinn.
6. Við 54. gr. Í stað orðanna í 1. málsg. »er samkvæmt hlutkesti . . . afhent« komi: er samkvæmt vali réttarins fær málsskjölin afhent.
7. Við 55. gr. Aftan við 4. tölul. komi: sé eigi dómsniðurstaða og forsendur staðfest að öllu leyti.
8. Við 69. gr. Fyrir »1. janúar 1933« komi: 1. september 1932.

Alþingi, 7. marz 1932.

Bergur Jónsson,  
form., frsm.

Þorleifur Jónsson.

Sveinbjörn Högnason,  
fundaskr.